



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 1. september 2016

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um lög um gjaldeyrismál og losun fjármagnshafta, nr. 87/1992 með síðari breytingum, mál nr. 826.

Samtök iðnaðarins fagna því að nú komi fram frumvarp sem miðar að því að afnema að mestu víðtæk fjármagnshöft sem sett voru í nóvember 2008. Afnámið er í skrefum og miðar að því að losa höftin á heimili og fyrirtæki. Aðstæður til afnáms eru að mörgu leyti góðar enda eru stærstu áhættuþættir, s.s. slitabú fjármálafyrirtækja og aflandskrónuvandinn, að mestu leyst. Ennfremur eru efnahagsleg skilyrði góð og líkur á fjármagnsflotta og tilheyrandi gengisfalli krónunnar minni en oft áður. Sterkur gjaldeyrisforði, lág verðbólga og vaxtamunur við útlönd ættu að vinna gegn verulegu útfærðum gjaldeyris vegna afnáms hafta. Þá hefur eigna- og skuldastaða fyrirtækja og heimila jafnframt batnað umtalsvert síðustu ár og þar með geta þeirra til að mæta sviptingum í gengi krónunnar. Það sama á einnig við um stöðu ríkissjóðs og fjármálastofnana.

Skrefin sem stigin eru í frumvarpinu eru varfærin þrátt fyrir að skilyrði séu hagfelld. Samtökin tóku saman á sínum tíma lista yfir margvísleg neikvæð áhrif haftanna, s.s. vegna kaupa á erlendum fyrirtækjum, uppbyggingar dótturfélaga erlendis, aukinn kostnaður og tafir sem nú munu vonandi hverfa hratt í takti við þau skref sem tekin verða samkvæmt frumvarpinu. Fyrsta skrefið verður tekið strax en þá verður heimil bein erlend fjárfesting innlendra aðila. Þetta skref er afar mikilvægt fyrir íslenskt atvinnulíf sem þarf nauðsynlega á því að halda að geta óhindrað starfað á alþjóðlegum markaði og útfært sína starfsemi. En þrátt fyrir að vera ótakmörkuð verður svona fjárfesting háð staðfestingu Seðlabankans. Samtökin leggja áherslu á að þetta ákvæði verði ekki til þess fallið að tefja fjárfestingaákvarðanir.

Annað skrefið á að taka gildi um áramót en þá verður innistæðuflutningur heimilaður með fjárhæðartakmörkunum. Samtökin gera ekki athugasemdir við þetta skref.

Þriðja og mikilvægasta skrefið felur í sér fulla losun á fjármagnshöftum. Þetta skref er ekki tímasett. Samtökin hefðu viljað sjá tímasetningu eða skýr markmið um tímasetningu enda ljóst að starfsemi atvinnulífsins þrífst best þegar óvissa er lág mörkuð og rekstrarumhverfið fyrirsjáanlegt.

Ein rökin fyrir því að höftin voru sett á sínum tíma var að verja gengi krónunnar fyrir miklu gengisfalli. Ljóst er að skilyrði fyrir losun hafta eru góð og raunar má fullyrða að styrkur gengis krónunnar um þessar mundir sé farin að hafa veruleg neikvæð áhrif á rekstur útflutnings- og samkeppnisfyrirtækja. Bæði hefur nafngengi krónunnar hækkað jafnt og þétt síðustu misserin auk þess sem laun vaxa mun hraðar hér á landi en í samkeppnislöndum okkar. Í því ljósi væri veiking á gengi krónunnar vel til þess fallin að bæta samkeppnishæfni Íslands og styðja við vöxt efnahagslífsins til lengri tíma litið.



Samtökin hafa vaxandi áhyggjur af styrk krónunnar og ekki er hægt að horfa framhjá því að hættan á því að hreint fjármagnsinnflæði í krafti hárra vaxta, sem grafi enn frekar undan samkeppnishæfni útflutningsgreina, er veruleg. Peningastjórn og önnur hagstjórn þarf í auknum mæli að taka mið af þessu.

Samtökin mæla með því að frumvarpið verði samþykkt. Hins vegar leggja þau til að síðasta og mikilvægasta skrefið í afnámi haftanna verði tímasett ekki síst í því ljósi að áhyggjur af gengisfalli krónu við afnám hafta eru óþarfar – þvert á móti.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink that reads 'Bjarni Már Gylfason'.

Bjarni Már Gylfason
Hagfræðingur SI